

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 123/2023****2023/EES/81/48****frá 28. apríl 2023****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2074 frá 20. júlí 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 139/2014 að því er varðar skilgreiningu á SNOWTAM <sup>(1)</sup>.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir lið 66nh (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 139/2014) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 2074**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2074 frá 20. júlí 2022 (Stjtið. L 280, 28.10.2022, bls. 4).“*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2074, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. apríl 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nicolas von Lingen***

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 280, 28.10.2022, bls. 4.<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.